Umhverfissáttmáli
Laugargerðisskóli er staðsettur í fallegu umhverfi og við viljum nýta það sem best til kennslu og einnig viljum við kynnast nágrenni okkar með lengri eða skemmri vettvangsferðum.

Laugargerðisskóli stefnir að því að bæta umhverfi skólans og gera nemendur og aðra meðvitaðri um umhverfismál, mengun og nýtingu orku og vatns.

Við vinnum á lýðræðislegan hátt að því að ná markmiðum okkar í umhverfismálum.
Árlega vinna allir nemendur skólans að ákveðnu verkefni sem tengist vistvernd eða fræðslu um hana.

Hluti af umhverfisstefnunni er að endurnýta pappír Allur pappír sem til fellur er hirtur og annað hvort sendur í endurvinnslu eða endurunnin og ýmsir munir búnir til úr honum.

Sorp s.s pappi, málmur og ónýt tæki er flokkað samkvæmt leiðbeiningum frá Sorpu og sent þannig til endurvinnslu annars staðar.

Nemendur gera úttekt á umhverfismálum í skólanum reglulega með aðstoð gátlista og kynna niðurstöður fyrir nemendum og starfsfólki skólans.

Matarleifar frá mötuneyti eru nýttar í dýrafóður, moltugerð eða fara í gegnum sorpkvörn.

Reynt er að minnka orkunotkun í skólanum. Það er gert með því að hafa ábendingu við slökkvara í skólastofum þar sem fólk er minnt á að slökkva ljósið.
Tölvur skólans eru stilltar þannig að þær fara í hvíld eftir 15 mínútur ef þær eru ekki notaðar.
Internetsamband slitnar líka eftir 3 mín. ef ekki er unnið á netinu.
Nemendur fylgjast með orkunotkun skólans með því að lesa af rafmagnsmælum einu sinni í mánuði.
Nemendur upplýsa heimili og aðra áhugasama um vistvernd almennt og stöðu umhverfismála í skólanum. Það gera þeir í skólablaðinu Jökli sem kemur út einu sinni á ári og er dreift um dreifbýli Vesturlands. Einnig má lesa um stöðu umhverfismála á heimasíðu skólans.

Umhverfissáttmálinn er á heimasíðu skólans og hafa undirstrikuð orð tengingu inn á önnur vefsvæði.